V. Thaning & Appel.
Købmagergade 16.
Papir
Protokoller
Merkantile Tryksager
№ 207.
Man behøver kun at opgive ovenstaaende Nr. for at faa den samme Bog.

# Gjörðabók

Iðnfjelags Viðvíkurhrepps

№ 1

# Lög
## Iðnfjelags Víðvíkurhrepps.

1. gr. Fjelagið heitir „Iðnfjelag Víðvíkurhrepps".

2. gr. Fjelagssvæðið er Víðvíkurhreppur. Þó geta stjórn fjelagsins og aðalfundir gjört undantekningu frá þessu

3 gr. Tilgangur fjelagsins er, að efla áhuga fyrir hverskonar íslenskum iðnaði, og stuðla að notkun vjela er ljett geti og aukið verklegar framkvæmdir

4. gr. Fjelagið er jafnt fyrir karla og konur frá 14 ára aldri

5. gr. Inntöku í fjelagið má veita á aðalfundi og milli funda ef fjelagsstjórn samþykkir. Hverjum meðlim ber að undirrita lög fjelagsins

6. gr. Fundir skulu ávalt haldnir tveir á ári, haust og vor og skal vorfundurinn vera aðalfundur fjelagsins. Eigi eru fundarsamþyktir lögmætar nema meiri hluti fjelagsmanna sje mættur

7. gr. Stjórn fjelagsins skipa 5 menn sem kosnir sjeu á aðalfundi ár hvert og skifta þeir með sjer verkum. Skyldur er hver fjelagsmaður að taka kosningu í 3 ár samstæð en sje þá um leið undanþeginn að taka kosningu í stjórn næstu 3 ár.

8 gr. Á hverjum aðalfundi skal kosinn maður til að endurskoða reikninga fjelagsins, fyrir næsta aðalfund

9. gr. Stjórn fjelagsins annast allar framkvæmdir fyrir fjelagið, boðar til funda með nægum fyrirvara, leggur fram reikninga fjelagsins endurskoðaða, á aðalfundi. Þyki henni þörf krefja boðar hún til aukafunda. Formaður stýrir fundum gjaldkeri annast innheimtu og ritari heldur gjörðabók, fyrir fjelagið.

10. gr. Úrsögn úr fjelaginu skal bundin við aðalfund og er ekki gildandi nema viðkomandi sje skuldlaus við fjelagið. Greiði einhver fjelagsmaður ekki árstillag í 2 ár eða ræki ekki skyldur sínar við fjelagið, telst hann ekki lengur fjelagsmaður.

11. gr. Leysist fjelag þetta upp, skal verja því, er það kann að eiga í sjóði; til einhvers þess fyrirtækis á fjelagssvæðinu er komið geti íslenskum iðnaði að notum.

12. gr. Lög þessi skulu lesin upp á hverjum aðalfundi og má þá breyta þeim eftir því sem fundurinn ákveður.

~~Þáta~~ Pála

Hartmann Ásgrímsson Elinborg Björnsdóttir.
Kristrún Jósefsdóttir Jón Sigfússon
Guðrún Bergsdóttir Pála Björnsdóttir
Hólmfríður Sigfúsdóttir Kristiana Sigurðardóttir
Ingibjörg Þorgrímsdóttir Guðrún Gísladóttir
Hólmfríður Helgadóttir Jóh. Hallgrímsson
Anna Jónsdóttir Bessi Gíslason. Anna Sigurðardóttir
Lilja Gísladóttir. Jóhannes Björnsson Guðr. Björnsson
Jónína Sveinsdóttir
Guðrún Þorsteinsdóttir Jón Björnsson

10. febr 1918 var fundur haldinn í Iðnfj. Víðvíkurhr.
Fundinn sóttu 16 konur. Gjörðir fundarins voru:
1. kosin stjórn fyrir fjelagið, hlutu kosningu:
Margrjet Símonardóttir Brimnesi
Kristrún Jósefsdóttir Hofstöðum og
Hildur Björnsdóttir Vatnsleysu.
2. Fundurinn ákvað að stofna til iðnsýningar á næsta vori og hafa skemtisamkomu í sambandi við hana. 5 kvennanefnd kosin til undirbúnings.

Fundi slitið

27. April 1919 var fundur haldinn í Iðnfjelagi Víðvíkurhrepps. Fundinn setti forstöðukona Margrjet Símonardóttir Brimnesi. Gjörðir fundarins voru.
1 Sýndir nokkrir heimaunnir munir.
2 Lesið upp úr tímaritinu „Hlín" grein um heimilisiðnað.
3 Kom fram spurning um það hvort fjelagið sæi sjer það fært að hafa vefnaðarnámskeið í sveitinni næsta vetur. Eftir nokkrar umræður var kosin 5 kvennanefnd er athuga skyldi málið og koma í framkvæmd ef fært þætti
4. Kom til umræðu að halda útbreiðslufund og skemtifund í fjelaginu. Fundarkonur voru þessu

fylgjandi og 5 kvennanefnd kosin til framkvænda í málinu
5 Lagðir fram reikningar fjelagsins og kom í ljós að fjelagið
átti í sjóði hátt á 300 kr.
6 Forstöðukona fjelagsins bar upp spurningu um það
hvort nokkrar af fundarkonum vildu gjörast æfifjelagar
í Heimilisiðnaðarfjelagi Norðurlands. Konur kusu
að hugsa málið frekara áður þær gerðu ákvörðun
Fundi slitið
Margrjet Símonardóttir Hildur Björnsdóttir (ritari)

Sunnudaginn 1. í vetri 1919 var fundur haldinn í
Iðnfjelagi Viðvíkurhrepps. Fundinn setti formaður
fjelagsins. Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Lesin upp lög fjelagsins og samþykt
2 Nefnd sú er kosin var til athugunar um hvort
þört þætti að halda vefnaðarnámskeið á
fjelagssvæðinu, gaf þá skýringu að hún hefði
ekki sjeð sjer neina leið færa til framkvæmda
í því máli vegna vöntunar á verkfærum og ýmsu
efni. Fundurinn fól nefndinni að starfa áfram
í málinu
3 Stjórnin skýrði frá tilboði er komið hafði sömuleiðis
til fjelagsins um það hvort það vildi kaupa
spunavjel, en sökum þess að svara þurfti
strax tók stjórnin ákvörðun að fresta kaupinu
en kynnast verði og fl. spunavjelar þeirrar

er væntanleg væri á Sauðárkrók á næsta vori
Fundurinn var þessu samþykkur. Forstöðukona skýrði
frá væntanlegri sýningu á Sauðárkrók á næsta vori
Svohljóðandi tillaga frá forstöðukonu var samþykt:
Fjelagið lýsir einróma þeim samtökum að koma með
sýningarfæra muni er senda mættu til sýningar
á Sauðárkrók.
4 Skemtinefnd sú er kosin var á síðasta fundi
skýrði frá að hún hefði ekki sjeð sjer fært vegna
húsleysis að halda samkomuna. Fundurinn fól
henni að starfa áfram að þessu máli
Fundi slitið
Margrjet Símonardóttir Hildur Björnsdóttir (ritari)

1. Sunnudag í sumri 1920 var aðalfundur
haldinn í Iðnfjelagi Viðvíkurhrepps.
Gjörðir fundarins voru:
1. Lagðir fram reikningar fjelagsins og endurskoðaðir, fannst ekkert við þá að athuga. Báru
þeir með sjer að fjelagið átti í sjóði 319 kr.
2. Lagðir fram heimaunnir munir og talað
um sýningar. Lýsti fundurinn yfir eindreginni
ánægju að styðja hina fyrirhuguðu sýningu
á Sauðárkrók á næsta sumri
3.~ Forstöðukona bar upp spurningu um það, hvert
fjelagskonum sýndist ekki heppilegt að fjelagið

keypti sjer tjald, þó ekki yrði það næsta sumar.
Svaraði fundurinn því játandi

4. Rætt um kaup á spunavjel. Var fundurinn eindregið með því að hún skyldi keypt á næsta ári og kaus til framkvæmda í því: Hólmfríði Sigfúsdóttir Ásgeirsbrekku Elínborgu Björnsdóttir Kýrholti og Guðrúnu Bergsdóttir Hofdölum.

6. Tekið til umræðu ávarpstitill kvenna. Var fundurinn einróma með því, að allar konur hefðu sama titil t.d. frú

7. Skemtinefnd fjelagsins skýrði frá að hún hefði ekki enn sjeð sjer fært að halda skemtisamkomur, vegna vöntunar[5] á húsplássi, ófærðar[1] og[4] illrar[2] veðráttu[3]. Eftir nokkrar umræður í þá átt, hve nauðsynlegt fjelaginu væri að eignast hús, var skemtinefndinni falið að leita samkomulags við hjúkrunarfjelag hreppsins um, að bæði fjelögin hjeldu samkomur og fengju húspláss á Hólum.

6. Forstöðukona talaði um sunnudagahelgi. Hvað hún ætti að vera af algengu á sunnudögum. Bar upp spurningu um hvort fjelagskonur vildu ekki bindast samtökum í því, að ~~stuðla~~ til þess, að sunnudagar yrðu meira notaðir til lesturs góðra bóka, húslestra og kirkjuferða, en nú ætti sjer almennt stað. Fundarkonur bundust samtökum um þetta.

7. Lög fjelagsins lesin upp. Engar breytingar gerðar.

8. Í fjelagið gengu: Una Jóhannesardóttir Hofsst. Elísabet Langhúsum og Jóna Fransdóttir Kolkuós.

Fundi slitið.

Margrjet Símonardóttir    Hildur Björnsdóttir
(ritari)

Sunnudaginn fyrsta í vetri 1920 var fundur haldinn í Kvenfjelagi Viðvíkurhrepps. Fáar konur voru mættar.

Gjörðir fundarins voru:

1. Skýrt frá að spunavjel væri þegar pöntuð. Urðu nokkrar umræður um hvar heppilegast mundu leyfa að hún væri sett niður. Var að lokum kosin 3ja kvenna nefnd til að sjá um bráðabyrgða húsnæði fyrir hana. Kosnar voru Anna Friðriksd. Svaðastöðum Guðrún Bergsdóttir Hofdölum og Hólmfríður Sigfúsdóttir Ásgeirsbrekku

2. Tekið til umræðu fundarhúsbygging í

hreppnum. Voru allar konur, sem mættar voru, á einu máli um, að fundarhús væri hreppnum nauðsynlegt, og að æskilegt væri ef það yrði bygt, að það væri þannig úr garði gert, að iðnfjelagið gæti fengið að hafa þar spunavjel og máske fleira ef á þyrfti að halda.

Gerðu fundarkonur þá samþykt, að þær skildu að forfallalausu mæta á hreppsfundi þeim, sem ákveðinn væri í því skyni að ræða þetta mál.

3. Rætt um skemtisamkomu til ágóða fyrir fjelagið, og vegna þess að nefnd sú er áður var kosin ekki var mætt öll, var kosin nefnd að nýju, er sjá skildi um að samkoma yrði haldin. Kosnar voru Kristín Jósefsd. Hofsst. Anna Friðriksd. Svaðastöðum Ingibjörg Sigfúsd. Hofdölum Hólmfríður Sigfúsd. Ásgeirsbrekku og Hildur Björnsdóttir Vatnsleysu.

4. Forstöðukona bar fram tillögu þess efnis að fjelagskonur bindust samtökum um að senda allar eitthvað heimaunnið á hinna fyrirhuguðu sýningu í Reykjavík. Fundarkonur lofuðu að gjöra eins og geta þeirra leyfði í þessu efni. Fleira var ekki tekið til umræðu

Fundi slitið. Hildur Björnsdóttir (ritari)

Margrjet Símonardóttir

24./4. 1921 var aðalfundur haldinn í Iðnfjelagi Viðvíkurhrepps

Gjörðir fundarins voru:

1. Lagðir fram reikningar fjelagsins og samþyktir, átti fjelagið, samkvæmt þeim, í sjóði 508 kr. 69 aura. Af því hafði fengist 119 kr. fyrir skemtisamkomu er haldin var síðastliðinn vetur.

2. Í fjelagið gengu 7 karlmenn, Jóhannes Björnsson Hofsstöðum Hartmann Ásgrímsson Kolkuós, Jósef Björnsson Vatnsleysu, Jón Sigfússon Ásgeirsbrekku, Sigtryggur Guðjónsson Hofdölum, Bessi Gíslason Kýrholti, Sigurbjörn Björnsson Narfastöðum.

3. Lesin upp lög fjelagsins. Eftir nokkrar umræður kaus fundurinn 3ja manna nefnd er þá þegar skyldi yfirfara lögin og gera breytingar á þeim atriðum er fundinum hafði þótt viðþurfa. Lögin voru svo samþykt í heild sinni með breytingum nefndarinnar.

4. Forstöðukona fjelagsins skýrði fundinum frá tilboði (~~frá tilboði~~) frá Heimilisiðnaðarfjelagi Norðurlands, um, hvert fjelagið vildi ganga í sambandið, og las hún um leið upp lög sambandsins. Fundurinn fól stjórninni á hendur að leita frekari upplýsinga um hagnað þann er fjelagið kynni að hafa af sambandinu, og frestaði frekari ákvæða þar til þær upp-

lýsingar voru fengnar
5. Kom til umræðu, hvort ákveða skildi árstillagið svo hátt að mögulegt sje fengist til að borga spunavjel þá er fjelagið átti í vændum, og fjelagssjóðurinn hrykki ekki fyrir. Ákvað fundurinn að hafa tillagið 2 kr. eins og áður
6. Hartmann Ásgrímsson Kolkuós skýrði frá að hann hefði lært að fara með spunavjel og spinna á hana, og að hann væri fús að lána pláss fyrir spunavjel fjelagsins heima hjá sjer upp á Kolkuós, og leiðbeina við spuna á hana. Þessu boði tók fundurinn þakksamlega.
7. Kom til umræðu hvort fjelagið gæti ekki stuðlað að því að meira yrði ofið í sveitinni en hefði verið áður, og samþykkti fundurinn svohljóðandi tillögu:

Fundurinn felur stjórn fjelagsins að hlutast til um, að sem mest verði ofið þar sem best tæki sjeu til þess í sveitinni og að sem mest verði unnið úr ull bæði til heimanotkunar og sem verslunarvöru.

8. Kosin stjórn fjelagsins og hlutu þessi kosningu:
Margrjet Símonardóttir  Elínborg Björnsdóttir
Kristrún Jósefsdóttir  Hartmann Ásgrímsson
Jón Sigfússon

9. Í fjelagið gengu Ólöf Vilhelmsdóttir Brimnesi og Anna Friðriksdóttir Svaðastöðum.

Fundi slitið

Margrjet Símonardóttir  Hildur Björnsdóttir (ritari)

Sunnudaginn 24/4 1921 var haldinn fundur af hinni nýju stjórn Iðnfelags Viðvíkurhrepps

Gjörðir fundarins voru:
1. Að skifta verkum með sér, og féllu atkvæði þannig:

Margrét Símonardóttir formaður
Jón Sigfússon gjaldkeri
Kristrún Jósefsdóttir ritari

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Kristrún Jósefsd. (ritari)

## Fundargerð

Haustfundur var haldinn í Iðnfélagi Viðvíkurhrepps á Gljúfráreyrum 4/10. 1921.

Var þar tekið fyrir:
1. Lesin upp lög félagsins
2. Í félagið gengu: Jóhannes Hallgrímsso

Brimnesi og Anna Jónsdóttir Vatnsleysu

3. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.—

4. Kom til umræðu hvort ákveða ætti inngangseyrir af þeim félögum, sem gengju í félagið að haustinu til. Samþykti fundurinn, að inngangseyrir skyldi verða 1 króna að haustinu, enginn að vorinu

5. Gjaldkeri skýrði frá efnahag félagsins, að það skuldaði um 120 kr. vegna spunavélarkaupa. Var þá ákveðið að halda skemtisamkomu til ágóða fyrir félagið, og kosið í nefnd til að annast allar framkvæmdir því viðvíkjandi.
Kosningu hlutu: Hartmann Ásgrímsson, Guðrún Bergsdóttir, Jón Sigfússon, Jóhannes Hallgrímsson og Hálmfríður Helgadóttir

6. Spunavélin Hartmann gaf kost á að lofa spunavélinni að vera hjá sér í vetur, fyrir það endurgjald að hann mætti spinna sína ull á hana spunagjaldslaust. Aðrir félagsmenn sem nota hana eiga að borga 25 aur. fyrir hvert kíló sem spunagjald.
Var álitið það gæti ekki verið minna fyrir áburð og vélasliti Hitann á hver að sjá um sem notar vélina

7. Ef spunnið yrði fyrir utanfélagsmenn var ákveðið að taka 1/3 meira spunagjald

8. Samþykt nemendagjald fyrir alla er læri að spinna á vélina. 2 kr fyrir félagsmenn, en 5 kr. fyrir þá sem ekki eru í félaginu.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Hartmann Ásgrímsson (fundarstjóri) Kristín Jósefsd. (ritari)

# Fundargerð.

Ár 1922, 7. dag maímánaðar, var aðalfundur Tóvinnufjelags Viðvíkurhrepps, settur og haldinn í Kýrholti, samkvæmt umgenginni fundarboði.

Mættir voru á fundinum 10 fjelagsmeðlimir. —

Fundarstjóri var kosinn Hartmann Ásgrímsson, og nefndi hann til skrifara Jóhannes Björnsson.

Þetta gjördist:

1. Lesin upp lög fjelagsins og fundargerðir frá tveimur síðustu fundunum.
2. Lagðir fram reikningar fjelagsins fyrir árið 1921. Voru þeir endurskoðaðir á fundinum og samþyktir án breytinga. Átti fjelagið í sjóði við árslok 1921, krónur 12.97. — (auk spunavjelarinnar).
3. Fundarstj. skýrði frá, að í vetur hefði verið spunnið á spunavjel fjelagsins um 190 Kg. af ull, og hefði það mest verið unnið fyrir fjelagsmenn. Annan iðnað ekki um að ræða, sem fjelagið hefur rekið.
4. Framtíðarstarfsemi. Fundurinn taldi sjálfsagt, að framvegis yrði spunnið á spunavjelina, ekki minna en síðastliðinn vetur. Í tilefni af því var þessi tillaga samþykt:

Stjórn fjelagsins er falið, að leitast fyrir um hjá kembingaverksmiðjunum, að fá lækkað kembingargjaldið, þar sem væntanlega yrði um all mikla ull að ræða, til kembingar, frá fjelaginu.

5. Stjórn fjelagsins er falið, að leitast fyrir um verð á ýmiskonar útlendu vefjargarni. —
6. Stjórninni falið, að kaupa inn bestu liti, eftir pöntun frá fjelagsmönnum, sem komin sje til hennar fyrir júlímánaðarlok, og skal stjórnin, ef unt er, hafa sýnishorn af hinum ýmsu litum.
7. Ennfremur var stjórn fjelagsins falið, að leita upplýsinga um gerð og stærð á íslenskum ullarteppum, og markaðshorfur með þau. —
8. Hartmann Ásgrímsson lýsti yfir, að í sumar mætti spunavjelin vera í Kolkuósi, og þar til notkunar í vor, ef einhverjir vildu.
9. Úr fjelaginu sagði sig ~~Anna~~ ~~[illegible]dóttir~~ Steinunn Stefánsdóttir í Enni.
10. Í stjórn fjelagsins hlutu kosningu: Hartm. Ásgrímsson, Anna Sigurðardóttir, Jón Sigfússon, Elinborg Björnsdóttir og Kristrún Jósefsdóttir. — Varastjórn: Lilja Gísladóttir, Jóhannes Hallgrímsson, Guðrún Bergsdóttir, Bessi Gíslason og Jóh. Björnsson.
11. Endurskoðandi var kosinn Jóhannes Hallgrímsson.

Fleira ekki rætt.

Hartmann Ásgrímsson  Jóhannes Björnsson.

Hinn 28. okt. 1922, var boðað til almenns fundar í Lestrarfjel. Viðvíkurhrepps, í Kolkuós, en þar sem aðeins 5 fjelagsmenn mættu, gat ekki orðið af fundi. —
Stjórn fjelagsins setti þá fund með sjer, og ræddi ýms mál, til undirbúnings undir væntanlegan næsta fund, sem ákveðinn var á Vatnsleysu.

Hartmann Ásgrímsson

Fundargerð

Ár 1922, hinn 27. dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í Lestrarfjel. Viðvíkurhrepps að Vatnsleysu. — Mættir voru 9 fjelagsmenn. Fundinn setti Hartmann Ásgrímsson og stýrði honum.

Var þar tekið fyrir:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar.
2. Fundarstj. skýrði frá, að ítrunnin væri sá tími, sem hann hefði lánað hús yfir vjelina, en um leið tók hann það fram að hann skyldi lána hús í vetur, en fjelagið yrði að sjá sjer fyrir eldsstæði og ljósi. Húsaleiga væri sú sama og í fyrra var ákveðin, á (síðasta) haustfundi.
Var þessu boði tekið með þakklæti.
3. Stjórninni falið að ráða fram úr með eldstæði, hvort það skyldi fengið að láni, eð selt tekifæriskaupi, ef það fengist. —
Hartmann lofaði að lána lampa í vetur.
4. Spunamáttur. Fundurinn taldi rjett að vjelin yrði notuð sem mest, og tekið af utanfjelagsmönnum spuni, ef þeir óskuðu þess.
Gaf Jóhannes Hallgrímsson kost á því, að spinna í vetur. —
Áætlaði fundurinn 20-30 au. spunagjald á hespu. —
5. Efnahagsreikningur. Gjaldkeri skýrði frá að fjelagið ætti um 100 krónur, auk vjelarinnar.
6. Fundurinn ákvað að kjósa nefnd, til að hafa framkvæmd í því, að hafa skemtisamkomu á vetrinum, ef ástæður væru til. — Kosningu hlutu:
Þórunn Sigurðardóttir, Jónína Sveinsdóttir, Jóhannes Hallgrímsson, Bessi Gíslason og Jón Sigfússon.
7. Fundarstjóri skýrði frá, að ekki hefði

ullarverksmiðjan á Akureyri getað látið lit; hún blandaði sjálf sína liti um leið og litað væri, en hann hvaðst hafa skrifað út, til að spyrjast fyrir um lit. Svar væri ókomið.

8. Verðlista var formaður búinn að fá yfir tvist, og reyndist hann með betra verði en í verzlunum hjer. Ef einhver vildi panta hann þyrftu pantanirnar að vera komnar til formanns fyrir miðjan nóvember.

Fleira ekki rætt
Fundargjörð samþykt.

Hartmann Ásgrímsson  Kristrún Jósefsdóttir

## Fundargerð.

Ár 1923, hinn 24. dag júnímánaðar, var aðalfundur Iðnfjelags Viðvíkurhrepps settur og haldinn í Kolkuósi. Fundi stýrði Hartmann Ásgrímsson, en hann nefndi til skrifara Jóhannes Björnsson. —

Tekið var fyrir:

1. Lesin upp fundargerð frá fundi síðastliðið haust.
2. Lesin upp lög fjelagsins.
3. Skýrt frá störfum fjelagsins síðastliðið ár, og lagðir fram reikningar þess árið 1922. — Sjóður fjelagsins var í árslok kr. 129.30. —

   Formaður leit svo á, að áhugi fyrir þessum fjelagsskap færi hnignandi, og taldi stefnuskrá fjelagsins ekki eins vel framfylgt sem skyldi, hvað snerti, að auka og efla íslenskan iðnað. — Um þetta urðu nokkrar umræður og í því tilefni samþykt: Fundurinn samþykkir, að á hverjum aðalfundi sje til sýnis iðnaður fjelagsmanna frá vetrinum, til undirbúnings fullkomnari sýningar, sem fjelagið hyggur til að halda síðar. —
4. Rætt um spuna og þetta samþykt: Fundurinn felur stjórninni, að leita samninga um ráðningu spunamanns næsta vetur, eftir því sem ástæður væri fyrir hendi handa honum. —

   Fjelagsmenn mega þó sjálfir spinna á vjelina, sem að undanförnu. —
5. Frestað til haustfundar, að ákveða stað fyrir spunavjelina næsta vetur. —
6. Veitt heimild til að kaupa tvær bækur, aðra fyrir meðlimatölu, en hina fyrir reikninga fjelagsins.
7. Kosin stjórn fjelagsins og hlutu kosningu:

Hartmann Ásgrímsson, frú Anna Sigurðardóttir frú Elínborg Björnsdóttir, frú Kristrún Jósefsdóttir og Jón Sigfússon.

Til að endurskoða reikninga fjelagsins var kosinn Jóhannes Björnsson.

8. Úr fjelaginu gekk Anna Jóhannesdóttir á Hofsstöðum

9. Í fjelagið bættist Jónas Jónasson Syðri-hofdölum.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð upplesin og samþykt

Hartmann Ásgrímsson Jóhannes Björnsson.

## Fundargerð

Ár 1923, miðvikudaginn hinn 5. des. var haustfundur Iðnfjelags Viðvíkurhrepps, settur og haldinn að Vatnsleysu.

Fundinn setti formaður fjelagsins Hartmann Ásgrímsson og nefndi hann til skrifara Jóhannes Björnsson. — ~~Mættir~~ voru 9 fjelagsmenn.

Þetta gjörðist:

1. Fundarstjóri gat þess, að ekkert hefði verið leitað fyrir sjer með ráðningu spunamanns síðasti eins og aðalfundur hefði lagt til að gjört yrði, og væri sú ástæða til þess, að enginn hefði óskt eftir að fá spuna. —
2. Hartmann Ásgrímsson gaf kost á að vjelin yrði þar áfram og var fundurinn honum þakklátur fyrir það.
3. Samþykt að taka verkefni af utanfjelagsmönnum, eins og undanfarið, komi það ekki í bága við notkun vjelarinnar af fjelagsmönnum.
4. Fundurinn samþykti, að byrjendur hefðu aðgang að spunavjelinni, gegn sama gjaldi og aðrir. —
5. Það kom fram á fundinum, að nokkrar bilanir hefðu komið fram á spunavjelinni, og umfremur að tvinningaráhöld vjelarinnar væru ónothæf, og hefðu jafnvel verið í ólagi frá byrjun. — Fundurinn samþykti að ráða bót á þessu hvorutveggja og var stjórninni falið framkvæmd í því. —
6. Til að auka tekjur fjelagsins áleit fundurinn tiltækilegt að haldin yrði skemtisamkoma, einhvern tíma á vetrinum. Til að annast framkvæm

Þá var nefnd kosin, og hlutu kosningu: Jónas Jónasson, Jóhannes Björnsson, Jónína Sveinsdóttir, Lilja Gísladóttir og Guðrún Bergsdóttir.

7. Leitað var upplýsinga um það, hvað fjelagsmenn byggjust við að nota spunavjelina í eftir og var það gefið upp þannig: –

| | | |
|---|---|---|
| Frá | Hofsstöðum | 20 kg. |
| – | Hringveri | 10 – |
| – | Langhúsum | 10 – |
| – | Vatnsleysu | 10 – |
| – | Syðri-hofdölum | 8 – |

8. Fundurinn ljet í ljósi, að hann teldi rjett, að árstillag fjelagsmanna væri fært niður, en aftur sett inntökugjald.

Fleira ekki rætt.

Lesið upp og samþykt.

Hartmann Ásgrímsson  Jóhannes Björnsson

# Fundargerð.

Ár 1924, hinn 20. dag júnímánaðar, var aðalfundur Kvenfjelags Viðvíkurhrepps, settur og haldinn á Hofsstöðum, samkvæmt birtu fundarboði. – Mættir voru 8 fjelagsmenn.

Fundi stýrði form. fjelagsins Hartmann Ásgrímsson og tilnefndi skrifara Jóhannes Björnsson.

Tekið var fyrir:

1. Lesin upp fundargerð síðasta haustfundar
2. Lagðir fram ~~endur~~skoðaðir reikningar fjelagsins og samþyktir án athugasemda. – Kom
~~3~~ það í ljós, að í árslok 1923, átti fjelagið í sjóði kr. 285.32. –

Fundarsamþykt haustfundar, um að halda skemtisamkomu, til tekjuauka fyrir fjelagið, hafði verið fullnægt, ~~og þó samkomuð~~ fram að Syðri-hofdölum, í síðastliðnum aprílmánuði. – Ágóðinn af samkomunni varð um 92.00 kr., sem færast til tekna á næsta árs-reikning.

3. Rætt um starfsemi fjelagsins liðið ár.

Skal það fram tekið, að fundarsamþykt frá síðasta aðalfundi, um að fjelagsmenn

hafi til sýnis iðnað sinn frá vetrinum, var ekki nema að mjög lokley leiti framfylgt.

4 Hvað ullarkembingu snertir var samþykt þessi tillaga: Fundurinn felur stjórn fjelagsins að leitast fyrir um, með hve miklum afslætti fáist kembing, hjá verksmiðjunni Gefjun, ef fjelagið annast saman- og sundurvigt og sendir til verksmiðjunnar minst 25 kg. sendingar.

Ráðstöfunum viðvíkjandi spuna- og spunavjelinni var frestað til ~~vetrar~~ næsta haustfundar.

5. Fundurinn samþykti, að færa ársgjald fjelagsmanna niður á 1.00 kr. en aftur skyldi hver nýr fjelagsmaður greiða 2.00 kr. sem inntökugjald.

6. Sú breyting varð á stjórnarskipun fjelagsins að Hartmann Ásgrímsson gekk úr stjórninni en í hans stað var kosinn Jónas Jónasson

7. Í fjelagið gekk Jón Björnsson Bakka. –

Fleira ekki rætt

Lesið upp og samþykt

Hartmann Ásgrímsson   Jóhannes Björnsson

## Fundargerð.

Ár 1924, fimtudaginn hinn 4. des. var fundur settur í Iðnfjelagi Viðvíkurhrepps. – Fundi stýrði formaður fjelagsins Jónas Jónasson og tilnefndi hann skrifara Jóhannes Björnsson. –

Þetta gjörðist:

1. – Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.

2. Rætt um störf fjelagsins á vetrinum. Ákveðið var, að flytja spunavjelina fram á fundarhús hreppsins og vinna þar að spuna, eftir þörfum fjelagsmanna í vetur. – Hafði hreppsnefndin leyft iðnfjelaginu afnot af húsinu í því skini þetta ár, gegn 10 kr. gjaldi; en áskyldi þó að húsið væri laust er fundir væru haldnir eða samkomur.

3. Fundurinn samþykti, að keyptur yrði lampi og „prímus“, sem iðnfjelagið legði til, þegar spunnið er. – Ennfremur var gert ráð fyrir, að útbúa þjett tjald þvert yfir húsið, til að þurfa ekki að hita upp, nema hæfilegar stórt húsrúm.

4. Ákveðið, að þeir sem spinna, leggi sjer til ljós og eldsneyti. –

5. Stjórninni falið, að sjá um flutning vjelarinnar fram á húsið.

Fleira ekki rætt

Lesið upp og samþykt.

Jónas Jónasson Jóhannes Björnsson

# Fundargerð.

Ár 1925 laugardaginn 24. okt. var fundur haldinn í Iðnfjelagi Viðvíkurhrepps í fundarhúsi hreppsins. Fundi stýrði form. fjel. Jónas Jónasson og nefndi hann til skrifara Jóhannes Björnsson.

Tekið var fyrir:

Formaður lýsti því yfir, að þrátt fyrir ákvörðun síðasta aðal fundar hefði fjelagið ekki starfað síðastliðinn vetur, hvorki að spuna á vjelina, nje öðru. Taldi hann slíkt illa farið, og hvatti fundarmenn til frekari framkvæmda á komandi vetri.

Um starfsemi fjelagsins framvegis urðu all miklar umræður, sjerstaklega hvað snerti notkun spunavjelarinnar, og var í því tilefni samþykkt að flytja spunavjelina í fundarhúsið, eftir leyfi meiri hluta hreppsnefndar með það fyrir augum, að spuni fari þar fram þegar hentugt þætti.

Samþykkt að halda skemtisamkomu í vetur til ágóða fyrir fjelagið, og hlutu kosningu í skemtinefnd: Jónas Jónasson, Jón Björnsson og Kristrún Jósefsdóttir.

Fleira ekki rætt.

Lesið upp og samþykt.

Jónas Jónasson Jóhannes Björnsson

Ár 1946 hinn 6. marz var aðalfundur Iðnfélags Víðvíkurhr.
þar sem öll stjórn félagsins var flutt burtu af félagssvæðinu
var boðað til fundarins af aldursforseta Guðrúnu Bergsdóttir.
Gerði hún grein fyrir ásigkomulagi félagsins, að flestir meðlimir
væru fluttir burtu, og þyrfti því að taka nýjar ákvarðanir.
Stakk hún uppá að fundarstjóri væri hreppstj. Bessi Gíslason. Var
það samþykt, og setti forseti þarmeð fundinn.
Fundarstjóri nefndi til skrifara Hartmann Ásgrímsson.
Mættir voru á fundinum 5 félagsmenn: Guðrún Bergsdóttir
Bessi Gíslason, Hartmann Ásgrímsson, Hólmfríður Sigfúsdóttir
og Jón Björnsson. Fyrir var tekið: Hvort félagið starfaði, áfram
eða hætti störfum, og ráðstafaði eignum sínum.
Nokkrar umræður urðu um það, hvort telja bæri Iðnfél. dautt
eða lifandi. Urðu um það nokkrar umræður.
Hartmann taldi félagið lifandi, og réttan eiganda, að ráðstafa eign-
um sínum. Bessi taldi að samkvæmt lögum fél. væri það dautt
þarsem ekki hafði verið greitt árgjald af félagsmönnum í 15 ár
og ennfremur að lögin taki það fram í 11. grein „að leysist félag-
ið upp, þá falli eignir þess til einhvers þess iðnaðar eða fyrirtækis, sem
komi íslenzkum iðnaði að notum, og það væri aðeins kvenfélag
hreppsins sem væri réttur eigandi. Jón taldi að hreppurinn, sem
heild væri réttur eigandi, sé iðnfél. fallið.
Urðu um þessi atriði umræður frá ýmsum hliðum. Kom í ljós að
hugsjón Iðnf. með fjársöfnun hefði verið sú að fá vélar til ullar
iðnaðar, og komið væri upp húsi til starfrækslu fyrir félagið

Kom í ljós hjá öllum félagsmönnum, að vöntun væri á húsi fyrir
vélar og önnur áhöld til starfa. Jón áleit að nauðsynlegt væri að
hreppur og kvenfélag byggðu hús sameiginlega, til sameigin-
legra nota. Guðrúnu þótti rétt að sjóður félagsins gengi til húsbygg-
ingar í hreppnum. sem væri til afnota fyrir iðnað. en kvenfélag
fengi Spunavél til afnota. Einsog nú er komið málum, voru allir
fundarmenn sammála, um að félagið gæti ekki haldið áfram
störfum. Kom fram svohljóðandi tillögur:
1. „Fundurinn telur rétt, að samkvæmt hugsjón Iðnfélagins
frá fyrstu, að sjóðeign félagsins c. 16-1700.00 sé greidd í húsbygging-
arsjóð hreppsins, með þeim skilyrðum að því sé varið til
húsbyggingar, sem sé til afnota fyrir það félag sem vinnur
að íslenzkum ullariðnaði, og sé hreppsnefnd hreppsins á-
byrg fyrir því." Var samþykt með öllum atkvæðum.
2. „Fundurinn er samþykkur því, að spunavél Iðnfélags Víðvíkur
hrepp, sé eign kvenfélags hreppsins, með þeim skilyrðum
að vélin sé starfrækt í hreppnum, og ekki fargað úr honum."
Samþykt með samhljóða atkvæðum.
Fundarmaður Jón Björnsson, gerir þá athugasemd við þessa tillögu
að fundurinn hafi hafi ekki rétt til að afhenda spunavélina kven-
félaginu eða öðru félagi til eignar og afnota. Hann lítur svo á
að hreppurinn í heild eigi að nota spunavélina, og styðja að
því, að komist upp hús til þess að vélin geti notast til
fullra afnota.
Fundurinn lætur það álit í ljósa. að rétt sé að þessi

fundarsamþykt auglýst á almennum hreppsfundi
til athugunar og vitundar.
Fundargjörðin upplesin og samþykt.
pt Ásgeirsbrekku 6/3 1946
Bessi Gíslason (fundarstj.) Hartmann Ásgrímsson (ritari)
Jón Björnsson Hólmfríður Sigfúsdóttir
Guðrún Borgadóttir